

**Malarslitolagskaflar í Bárðardal - samanburðarrannsókn á malarslitolags- og rykbindiefnum. Hafðis Eygló Jónsdóttir, Vegagerðin - desember 2019.**

Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður tilrauna með malarslitolagsefni úr tveimur námum, auk samanburðarrannsókna á rykbindiefnum. Tilraunirnar voru gerðar á Bárðardalsvegi vestri sumarið 2018. Verkefnið er hluti af rannsóknaverkefninu „Slitlög“.

Markmið tilraunanna var fyrst og fremst að skoða mun á óblönduðu og blönduðu malarslitolagsefni sem er komið út í veg og búið að hefla. Þá var skoðað hvernig magnsím klóríð kemur út sem rykbindiefni á þurru svæði eins og Bárðardalur telst vera samanbori við hefðbundið rykbindiefni sem Vegagerðin notar (natríðum klóríð). En helsti munurinn á þessum rykbindiefnum er að magnesím klóríð tekur til sín raka við lægra rakastig en natríum klóríð.

Námurnar sem um ræðir eru annars vegar Sexhólagil sem er í framanverðum Bárðardal og hins vegar Arnarstapi sem er sunnan við Hringveg (1) í Ljósavatnsskraði. Prófað var að leggja út ómalað efni úr Arnarstapanámunni, sem síðan var heflað í rastir og brotið með steinbrjót. Þá var óblandað efni úr Sexhólagili dreift á veginn og heflað og í þriðja lagi var efni úr Sexhólagili blandað með fínefnum frá Arnarstapanámu dreift á veginn og heflað. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknastofuprófa á efni úr námunum. Þá er gerð nánar grein fyrir mismunandi köflum tilraunarinnar og birtar ljósmyndir af þeim.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur fram að efnið úr Sexhólagili kom vel út, en það er m.a. skýrt með því að brothlutfall þess er hátt, en herra brothlutfall þýðir aukin stæðni efnisins. Varðandi rykbindiefnin kemur fram að lítilsháttar munur hafi verið á þeim á einum kafla, þannig að kaflar rykbundnir með magnesím klóríði hélt rakanum betur og lengur yfir sumarið. Enginn marktækur munur á rykbindiefnum var hins vegar sjáanlegur á öðrum köflum. Bent er á að það sé malarslitolagsefnið sjálft sem skiptir mestu máli fyrir rykbindingu. Í því þarf að vera ákveðið hlutfall af fínefnum með einhverja þjálni. Rykbindiefnin hafa síðan það hlutverk að halda yfirborðinu röku svo fínefnið rjúki ekki burt.